

Júní 2026



## Fréttabréf Skýjaborgar

Febrúar - maí 2026

Í þessu fréttabréfi förum við yfir ýmislegt sem við í Skýjaborg höfum gert síðustu mánuði frá síðasta fréttabréfi eða frá febrúar og út maí 2026.

### Febrúar – Líkaminn minn og könnunarverkefni á Regnboganum

Í tengslum við þemað *líkaminn minn* vann Dropinn með myndir af líkamshlutum og var tíminn nýttur í bleyjuskiptum til umræðna. Á Regnboganum voru samtöl um líkamann, lesnar bækur og börnin gerðu sjálfsmyndir. Á báðum deildum voru sungin lög um líkamann.



Könnunarverkefnið frestuðust fram í apríl og segjum við frá þeim hér fyrir neðan.

Í upphafi febrúar átti Blær afmæli. Við héldum upp á afmælið hans með samtali um vináttu og í framhaldi var Vináttuhlaup í kringum leikskólann. Blær er tákmynd vináttu sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti.

Þann 5. febrúar héldum við þorablót. Í hádeginu var boðið upp á soðið hangikjöt, kartöflur, uppstúf og meðlæti. Einnig var ýmislegt hefðbundið þorrasmakk í boði, svo sem harðfiskur, hákarl, sviðasulta og svið, og voru börnin dugleg að smakka. Dagana fyrir þorablótið fönnduðu börnin sér víkingahatta sem þau skörtuðu svo á þorablótinu.

Í söngstundum voru sungin lög sem tengjast þorranum. Börnin á Regnboganum lærðu einnig þulu sem þau fóru með daglega fyrir hádegismatinn. Það er hefð hjá okkur í Skýjaborg að fara með þulu saman fyrir hádegismat.



Í tilefni Dags leikskólans þann 6. febrúar vorum við með auka deildarugl sem er mjög vinsælt meðal barnanna. Allur leikskólinn fór saman í skrúðgöngu með fána og hljóðfæri og var sungið á leiðinni. Í kaffitímanum var svo vöfflukaffi.

Í febrúar hófst hin árlega danskennsla hjá okkur í Skýjaborg. Jóhanna danskennari

kom til okkar í 5 skipti, átti góða stund með okkur á báðum deildum og kenndi börnum og starfsfólki ýmsa skemmtilega dansa. Fimmti danstíminn, þann 24. mars, var svo opin

Júní 2026

fyrir foreldra á Regnboganum. Þá fengu foreldrar að sjá hvað börnin höfðu lært og tóku einnig þátt í einhverjum dönsum.



Haldið var upp á öskudaginn með hefðbundnu sniði. Það var búninga- og/eða náttfatadagur. Haldið var öskudagsball, kötturinn sleginn úr tunnunni, snakk og bíómynd og pylsur í hádegismatinn. Eftir hádegi fórum við yfir í Stjórnsýsluhús, sungum og fengu börnin bók að gjöf.

Föstudaginn 27. febrúar buðum við í konudagskaffi í leikskólanum. Sama dag glitruðum við með einstökum börnum. Það myndaðist notaleg stemning í leikskólanum og gaman að sjá samveruna í kaffinu.

### **Mars – Stærðfræði, tannvernd og páskar**

Á degi stærðfræðinnar þann 13. mars var sett upp hringekja á Regnboganum þar sem unnið var í litlum hópum með kubba, form og list.

Um miðjan mars var tannverndarvika hjá okkur og var þetta árið aðallega unnið með tannvernd meðal yngstu barnanna, en börnin á Dropanum fengu meðal annars tannbursta og æfðu sig í að tannbursta sig.

Í mars buðu deildarstjórar upp á foreldraviðtöl. Gengu foreldraviðtölin mjög vel og voru foreldrar heilt yfir mjög ánægðir með starfið og leikskólann í heild og foreldrar skólahópsins ánægðir með skólasamstarf.



Skólasamstarf: Elsti árgangurinn, *Regnbogahópur*, hélt áfram í skólaheimsóknum eftir hlé síðan í nóvember og fór í sex heimsóknir í Heiðarskóla nú í febrúar og mars. Þau fóru með skólarútu á milli og fengu meðal annars að fara í sundtíma, á bókasafnið, í heimilisfræði, leikstofu, í útiveru og í tíma með 1. bekk. Þetta voru góðar heimsóknir sem hafa styrkt öryggi barna fyrir komandi skólaskipti.

Júní 2026

Árgangar 2020 og 2021 tóku þátt í verkefninu **Söngvavor 2026 – Einn fyrir alla, allir fyrir einn**, sem er samstarfsverkefni leikskólanna á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, Tónlistarskólans á Akranesi, Tónskóla Sigursveins og Barnamenningarsjóðs. Þetta var virkilega skemmtilegt. Börnin æfðu sig í leikskólanum undir stjórn Ögu



okkar. Þau fóru á sameiginlega æfingu með leikskólunum á Akranesi ásamt hljómsveit. Að lokum voru svo sameiginlegir tónleikar í Íþróttahúsinu við Vesturgötu þann 25. mars. Börnin stóðu sig virkilega vel og var þetta mjög skemmtileg reynsla.

Vala: Í lok mars hættum við að nota Karellen-leikskólakerfið og færðum okkur yfir í Völu.

### **Apríl – Stærðfræði, tannvernd og páskar**

Páskarnir voru í byrjun apríl og var föndrað í tilefni þeirra.

Þann 20. apríl var haldin rýmingaræfing og gekk hún fljótt og vel fyrir sig þar sem börn og starfsfólk fóru út á stétt á sokkunum.

Þann 24. apríl héldum við upp á Dag umhverfisins. Regnbogakrakkarnir fóru galvaskir út að hreinsa nærumhverfi leikskólans. Þegar aftur var komið í leikskólann flokkuðu börnin ruslið og hentu því í viðeigandi tunnur. Krakkarnir voru virkilega samviskusamir og áttu góðar umræður um mikilvægi þess að hugsa vel um umhverfið okkar.



Í apríl unnu börnin á Regnboganum könnunarverkefni í minni hópum. Hóparnir kjósa sér viðfangsefni sem þeir vilja rannsaka og gera rannsókn með aðstoð kennara. Þetta var skemmtileg vinna og rannsökuðu hóparnir höfrunga, fugla, hvolpa og apa.

### **Maí – Dýr, farartæki og umferðarvika**

Maí er ávallt viðburðarmikill mánuður og margt í gangi. Þetta ár var jafnvel enn meira í gangi en vanalega þar sem við tókum aukið leikrými í notkun, Sólina, sem er gámahús fyrir utan leikskólann.

Júní 2026



Þann 11. maí var farið í sveitaferð að Hvítanesi þar sem bændurnir tóku vel á móti okkur. Við kíktum í fjósið og sáum nautin og kálfana. Við fórum í fjárhúsið þar sem börnin fengu að halda á lambi ef þau vildu. Við kíktum inn í fuglahúsið þar sem bændur halda alls kyns tegundir af hænum, öndum og einnig kalkún. Við fengum að sjá litla hænu- og andarunga og öll fengu að halda á þeim sem vildu. Við kíktum einnig í mjög svo skemmtilega ferð í fjöruna þar sem var margt að sjá. Það er mikið fuglalíf í fjörunni og hólmanum. Börnin sáu til að mynda sel spóka sig í fjörunni. Í hádegismatinn grilluðum við pylsur og fengum djús og vatn að drekka.

Þann 15. maí settum við upp Listasýningu Skýjaborgar í Stjórnsýsluhúsinu. Var hún uppi til 3. júní og gafst fólki tækifæri til að skoða hana á opnunartíma stjórnsýsluhússins, kosningardegi 16. maí og á afmælishátíð Hvalfjarðarsveitar. Á sýningunni mátti sjá ýmislegt sem börnin í Skýjaborg unnu að í vetur og meðal annars niðurstöður könnunarverkefna.



Þann 19. maí fór útskriftarhópurinn í vel heppnaða útskriftarferð á Akranes og heimsókn á slökkvistöðina. Þau áttu frábærar stundir í Kalmansvík að skoða og leika í fjörunni. Þau sáu meðal annars fullt af lifandi kröbbum og fleiri fjörudýrum. Börnin fengu svo pizzuveislu á Galito. Á leiðinni á slökkvistöðina fengu þau íspinna. Það var svo mikið húllumhæ í heimsókninni til slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar. Börnin fengu að skoða slökkviliðsbílana, aðstöðuna og prófa búnaðinn.

Við höldum umferðarviku í maí þar sem farið var yfir umferðarreglur með hjálp Innipúkans. Elsti árgangurinn tók þátt í umferðarskólanum (verkefni frá Samgöngustofu). Í umferðarvikunni var einnig hjóladagur og þá mætti lögreglan í

heimsókn og var með umferðarfræðslu fyrir börnin úti ásamt reiðhjólaskoðun.

Þann 28. maí voru 7 börn (árg. 2020) útskrifuð héðan úr Skýjaborg við fallega athöfn. Börnin opnuðu hátíðina með söngatriði en börnin völdu að syngja saman lagið *Sá ég spóa*. Leikskólastjóri hélt tölu,



Júní 2026

börnin voru með annað tónlistaratriði, deildarstjóri hélt tölu og börnin fengu útskriftarskírteini og birkitré að gjöf.

Eftir útskriftarathöfnina hófst Vorhátíð Skýjaborgar og foreldrafélagsins með hoppukastölum, pylsum, ís og Leikhópnum Lottu. Vel heppnuð hátíð þrátt fyrir smá vætu.

### **Skipulagsdagar og starfsmannafundir**

Það voru tveir skipulagsdagar á tímabilinu. Þann 24. febrúar fór starfsfólk á starfsmannafund, deildarfund og Lubba-námskeið. Þann 7. apríl fór starfsfólk í innra mat, starfsmannafund og deildarfund.

Þann 19. mars var haldinn Fagfundur Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Þá fór starfsfólk stiga og deilda yfir áherslur grunnþátt menntunar, *Lýðræði og mannréttindi*, á sinni deild eða sínu stigi. Einnig fengum við Björgvin Gíslason til okkar með fyrirlesturinn *Fjörugar leiðir til færni*.

### **Skólanámskrá**

Í mars kom út ný uppfærsla af Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar, en skólanámskráin hefur verið í uppfærslu skólaárin 2023-2026 með tilliti til nýrrar Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og áorðinna breytinga á aðalnámskrám. Fyrri hluti skólanámskrár er sameiginlegur fyrir Heiðarskóla og Skýjaborg. Hvort stig fyrir sig gefur svo út seinni hluta.



### **Sólin**

Í mars hófst vinna við að koma Sólinni – færanlegu kennslustofunni okkar fyrir á sínum stað. Við fluttum inn í Sólina föstudaginn 22. maí. Sólin er afsprengi af Regnboganum og ætlum við á næstu mánuðum að máta okkur inn í það hvernig rýmið nýtist sem best en þar geta verið allt að 14 börn.

### **Barna- og starfsmannahópurinn**

Í maí byrjuðu hjá okkur sex börn, tvö 1 árs, þrjú 2 ára og eitt 4 ára. Þá var einnig flutningur barna á milli deilda og 14 börn á Regnboganum færðu hólfin sín út í Sólina. Við klárum þetta skólaár með 42 börn í leikskólanum, 13 á Dropanum og 29 á Regnboganum (15 með heimastofu á Regnboganum og 14 með heimastofu í Sólinni).